

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

748. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 21. maí 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Erindi Pálma Geirs Ríkharðssonar.
2. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
3. Aflið styrkbeiðni.
4. Aðalfundarboð Landskerfis bókasafna.
5. Ársfundur Sjúkrahússins á Akureyri.
6. Bréf Mennta-og menningarmálaráðuneytisins.
7. Bréf áhugamanna um endurbyggingu Riishúss.
8. Bréf forstöðumanns tæknideildar.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Pálma Geirs Ríkharðssonar dags. 30.apríl s.l. þar sem hann óskar eftir launalausum leyfi frá störfum sem kennari við Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárið 2012-2013. Fyrir liggur bréf skólastjóra grunnskólans, þar sem mælt er með að umrætt leyfi verði veitt. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
2. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 10.05.2012, þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Sigríðar Hjaltadóttur f.h. Welcome apartments ehf. um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sótt er um leyfi til að reka gististað í flokki II að Norðurbraut 1 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
3. Lögð fram styrkbeiðni frá Aflinu systursamtökum Stígamóta á Akureyri. Erindinu hafnað.
4. Lagt fram aðalfundarboð Landskerfis bókasafna, sem haldinn verður 23. maí n.k. í Reykjavík. Byggðarráð samþykkir að senda ekki fulltrúa til fundarins.
5. Lagt fram fundarboð ársfundar Sjúkrahússins á Akureyri sem haldinn verður 23. maí n.k. á Akureyri. Byggðarráðs samþykkir að senda ekki fulltrúa til fundarins.
6. Lagt fram til kynningar bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 10. maí 2012 um Bókasafnssjóð Högna Þorsteinssonar. Ráðuneytið samþykkir beiðni sveitarstjórnar Húnaþings vestra um ráðstöfun eigna safnsins. Byggðarráð samþykkir að Bókasafn Högna Þorsteinssonar verði flutt frá Reykjaskóla og komið fyrir í Bóka- og skjalasafni Húnaþings vestra að Höfðabraut 6 á Hvammstanga og felur forstöðumanni bókasafnsins framkvæmd flutningsins.
7. Lagt fram bréf Félags áhugamanna um endurbyggingu Riishúss á Borðeyri, þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í stjórn félagsins. Byggðarráð samþykkir að tilnefna sem aðalmenn Sigurð Kjartansson og Leó Örn Þorleifsson og til vara Svein Karlsson og Stefán Böðvarsson.
8. Lagt fram bréf forstöðumanns tæknideildar dags. 10. maí 2012, þar sem lagt er til að á árinu 2013 verði hafin vinna við gerð nýs aðalskipulags fyrir sameinað sveitarfélag Húnaþings vestra og Bæjarhrepps. Forstöðumaður er mættur á fundinn til viðræðna við byggðarráð og leggur fram gögn, tillögu að framsetningu gagna, tillögu um verk- og tímaáætlun, hugmyndir að kynningu og kostnaðaráætlun. Ákvörðun vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar..

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:08

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson.

Elín R. Líndal

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg

Sigurður Kjartansson